

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney þinganes Hornafjörður

Dags eftirlits	26.11.2012	Fulltrúi UST	Leifur Porkelsson
Fyrirtæki	Skinney þinganes	Fulltrúi UST	
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Harðardóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

Niðurstaða eftirlits

Tvö frávik frá starfsleyfi kom í ljós í eftirlitinu, varðandi stærð lekavarnarþróar umhverfis lýsisgema og að útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað. Þá voru gerðar athugasemdir við frágang við hráefnismóttöku og geymslu á efnavöru utandyra. Fyrirhugað er að taka í notkun rafskautaketil í verksmiðjunni á næstunni og draga þar með úr olíunotkun.

Umfang eftirlits

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra og gæðastjóra. Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins, síðustu eftirlitsskýrslu og bréfaskriftir á milli rekstaraaðila og Umhverfisstofnunnar að undanförnu. Eingin kvörtun hefur borist vegna starfseminnar það sem af er ári. Engar teljandi breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni frá því að síðasta eftirlitsferð var farin. Settir hafa verið útmötunar sniglar á gufuþurrkara til að bæta stýringu á mötun úr þeim og gera mögulegt að mæla raunhita á mjöli. Í smíðum er 21 m hárr reykháfur sem kemur í stað 16 metra reykháfs við olíuketil. Þá hefur öryggisgrind verið sett fyrir hráefnismóttöku.

Fram kom að úrbætur vegna þriggja frávika frá árinu 2011 hafa farið fram á fullnægjandi hátt að mati Umhverfisstofnunnar og að frestur vegna fjórða fráviksins, lekavarnarþróar umhverfis lýsisgema var veittur til 1. desember 2012.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2011 hefur verið skilað og það birt á vef Umhverfisstofnunnar. Útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað, hvorki fyrir árið 2010 né 2011.

Fram kom að frágangi við lekavarnarþró var ekki lokið þegar eftirlitið fór fram og ljóst þótti að verkið myndi dragast fram á mitt næsta ár. Sem stendur er áætlað rúmtak lekavarnarþróarinnar 25% af rýmd stærsta geymis.

Flotgirðing var færð á heppilegan stað við höfnina og hægt er að grípa til hennar á fljótlegan hátt ef lýsi lendir sjónum. Starfsmenn verksmiðjunnar og hafnarinnar hafa kynnt sér notkun hennar.

Sýnataka á fráveituvatni frá verksmiðjunni mun fara fram á næstu dögum.

Vinnsla í verksmiðjunni hefur verið nokkuð samfelld allt árið, þó kom stopp á milli loðnu og síldarvertíðar frá apríl-júní, tilkynnt var til eftirlitsaðila þegar vinnsla hófst á ný eftir stoppið. Hráefni í verksmiðjunni hefur nær eingöngu verið fráflokkun og afskurður frá frystihúsi Skinneyjar-þinganess á Höfn. Hráefni er keyrt til verksmiðjunnar í sérstökum gámum.

Fram kom að rekstararaðili hefur sett sér umhverfisstefnu sem starfað er eftir. Umhverfisstefnan er meðal annars er birt í grænu bókhaldi vegna starfsemi fyrirtækisins.

Ákveðið hefur verið að taka í notkun rafskautaketil í stað olíuketils. Samhliða þeirri framkvæmd verður byggt nýtt ketilhús og eiturefnageymsla. Rekstararaðili hefur sett sig í samband við Umhverfisstofnun varðandi leiðbeiningar og gögn í tengslum við framkvæmdina. Þá mun frágangi við lekavarnarþró ljúka á næsta ári. Í tengslum fyrnefndar framkvæmdir er stefnt að því að ganga frá umhverfi hráefnismóttöku fyrir ökutæki, umhverfi nýja ketilshúss og eiturefnageymslu og umhverfi lekavarnarþróar næst verksmiðjuhúsi.

Til stendur að breyta fyrirkomulagi á flutningi hráefnis frá frystihúsi og til verksmiðjunnar á þann hátt að hráefni verði framtíðinni dælt til verksmiðjunnar eftir lokaðu kerfi en ekki ekið til hennar eins og nú er gert.

Að fundi loknum var gengið um verksmiðjuna athafnasvæði hennar. Snyrtilegt var um að litast umhverfis verksmiðjuna og hvergi var að sjá mengun eða óþrifnað sem rekja mátti til starfseminnar.

Frávik frá

gr. 2.22 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Lekavararnarþró umhverfis lýsisgeyma rúmar aðeins 25% af rýmd geymis en ekki 60% eins og kveðið er á um í starfsleyfi. Veittur frestur til úrbóta rann út 1. desember sl.

gr. 3.3. í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi vegna áranna 2010 og 2011 hefur ekki verið skilað.

Athugasemdir

Malbika þarf plan umhverfis hráefnismóttöku.

Tryggja þarf að efnavara á borð við edikssýru sé geymd á stað þar sem almenningur á ekki greiðan aðgang að


Annað

Minnt er á að hávaða frá verksmiðjunni þarf að mæla fyrir árslok 2012 í samræmi við grein 3.4 í starfsleyfi.

Minnt er á að skv. grein 3.2 á að taka sýni af fráveituvatni árlega, síðasta sýni var tekið í nóvember 2011.

Minnt er á að skv. grein 5.2 skal rekstraraðili framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í samráði við umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2013.

Reykjavík, 18.12.2012



Leifur Þorkelsson

¹ Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

² Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta